

# Hagagæði Ársskýrsla 2017



Landgræðsla ríkisins 2018  
LR-2018/01





# LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Skýrsla nr.: LR-2018/01

Blaðsíður: 13

Dagsetning: 17.01.2018

**Heiti:** Hagagæði. Ársskýrsla 2017

**Höfundur:** Bjarni Maronsson

**Ljósmyndir:** Bjarni Maronsson, Sigprúður Jónsdóttir og Áskell Þórisson.

**Verkefnisstjóri:** Bjarni Maronsson

**Unnið fyrir:** Landgræðslu ríkisins

**Samstarfsaðili:** Félag hrossabænda

**Útdráttur:** Árið 2017 stofnuðu Landgræðsla ríkisins og Félag hrossabænda til verkefnis um landnýtingu og úttektir hrossahaga. Verkefnið hlaut nafnið „Hagagæði“. Landgræðslan stýrir „Hagagæðum“ og annast úttektir lands. Verkefnið snýst um að hrossabændur og aðrir, sem halda hross, geti fengið staðfest með formlegum hætti að landnýting þeirra sé með sjálfbærum hætti, enda standist meðferð þeirra á beitarlandi sett viðmið. Settar voru ákveðnar vinnureglur og viðmið, sem notuð eru við úttektir á beitarlandi. Árið 2017 stóðust 44 hrossabú úttektarkröfur „Hagagæða“.

Efnisorð:  
Hagagæði, þátttaka, landnýting,  
úttektir, landlæsi, beitarland, beitarstýring.

Undirskrift verkefnisstjóra



### Inngangur

Frá árinu 2000 til ársins 2016, annaðist Landgræðsla ríkisins landnýtingarþátt Gæðastýringar í hrossarækt. Þegar Gæðastýringin var lögð niður í árslok 2016 ákváðu Landgræðslan og Félag hrossabænda að stofna til sérstaks verkefnis, „Hagagæða“ sem er m.a. ætlað að stuðla að sjálfbærri landnýtingu á hrossahögum. „Hagagæði“ byggjast á sömu grundvallarreglum um landnýtingu og landnýtingarþátturinn en taka til viðtækari hestastarfsemi. Þátttakendur geta orðið hrossabændur og aðrir, sem halda hross í atvinnuskyni eða til brúknar í tómstundum. Þátttaka í „Hagagæðum“ er landnotendum valfrjáls en beitarland þeirra þarf að standast úttekt á haustdögum ár hvert. Landgræðslan annast úttektir og hefur umsjón með „Hagagæðum“.

Lögum samkvæmt ber Landgræðslu ríkisins að hafa gát á meðferð á gróðri landsins og vinna gegn því að hann eyðist fyrir ofnotkun eða aðra óskynsamlega meðferð. Í samræmi við þetta lagaákvæði hefur eftirlit með búfjárhögum, verið þáttur í starfi Landgræðslunnar. Vinna Landgræðslunnar byggist m.a. á því að stuðla að sjálfbærri landnýtingu hrossabænda með úttektum á beitarlandi þátttökubúa og leiðbeiningum um úrbætur. Gott landlæsi landnotenda er grundvöllur sjálfbærrar landnýtingar. Við úttektirnar er land flokkað eftir rofi og beitarástandi, skv. einkunnastiga sem þróaður er af Borgþóri Magnússyni, gróðurvistfræðingi og samstarfsfólki hans. Sjá einkunnastiga og eyðublað á bls. 11 og 12. Fleiri viðmið eru notuð við úttektirnar, sjá Viðauka 2 á bls. 7.

Haustið 2017 voru fyrstu jarðir „Hagagæða“ metnar og hlutu 44 bú viðurkenningu fyrir sjálfbæra landnýtingu.

### Verklag

Úttektir vegna „Hagagæða“ eru gerðar síðsumars eða á haustin. Flestar fara fram í september eða október. Þó geta þátttakendur óskað eftir ráðleggingum og vöktun á beitarlandi sínu í annan tíma, sér í lagi á stóðhestahólfum. Úttektir gilda fyrir yfirstandandi ár og eru niðurstöður úttektar sendar viðkomandi landnotanda sem fyrst eftir að þeim lýkur.

Frumúttekt á ástandi beitarlands þátttakenda er gerð af tveimur starfsmönnum Landgræðslunnar, oftast héraðsfulltrúum. Loftmynd af beitarlandi er grunn gagn við úttektir. Þar koma fram m.a. einstök beitarhólf og stærðir þeirra. Beitarástand og rof er metið í hverju hólf fyrir sig. Frumúttektin er síðan notuð sem viðmið hvort og hvernig ástand jarðanna breytist milli ára. Í verklagsreglum „Hagagæða“ koma fram þær viðmiðanir, sem beitarland þarf að standast til að viðkomandi jörð hljóti viðurkenningu fyrir sjálfbæra nýtingu beitarlands. Fjöldi hrossa, sem gengur á landinu þarf að liggja fyrir.

Endurúttektir annast héraðsfulltrúar Landgræðslunnar. Ekki verður lögð eins nákvæm vinna í endurmat jarða og frumúttektir, nema breytingar hafi orðið á hrossafjölda og stærð þess beitarlands sem viðkomandi hefur til umráða. Einnig ef sérstök álitamál koma til.

## Úttektir árið 2017

Alls stóðust 44 bú úttektarkröfur árið 2017. Nöfn og staðsetning þáttökubúa kemur fram í töflu 1. Nauðsynlegt er að úttektum ljúki meðan jörð er auð og auðvelt að meta beitarástand lands. Dæmi voru um að snjór hamlaði nákvæmri úttekt.

Að úttektunum unnu eftirtaldir héraðsfulltrúar Landgræðslunnar: Anna Sigríður Valdimarsdóttir, Sigríður Þorvaldsdóttir, Garðar Þorfinnsson, Sunna Áskelsdóttir, Magnús Þór Einarsson og Bjarni Maronsson.

Tafla 1. Nöfn og staðsetning þáttökubúa

	Nafn jarðar	Bóndi	Sýsla
1.	Sauðanes	Ágúst M. Ágústsson/Steinunn Halldórsdóttir	Norður-Þingeyjarsýsla
2.	<b>Bakki, Svarfaðardal</b>	<b>Þór Ingvason</b>	<b>Eyjafjarðarsýsla</b>
3.	Bringa	Bringa ehf. Sverrir Reynir/Guðbjörg Jóna	Eyjafjarðarsýsla
4.	<b>Hólsgerði</b>	<b>Brynjar Skúlason/Sigríður Bjarnadóttir</b>	<b>Eyjafjarðarsýsla</b>
5.	Jarðbrú	Þorsteinn Hólm Stefánsson/Þróstur Karlsson	Eyjafjarðarsýsla
6.	<b>Litla-Brekka</b>	<b>Vignir Sigurðsson</b>	<b>Eyjafjarðarsýsla</b>
7.	Ásgeirsbrekka	Jóhann Ingi Haraldsson	Skagafjarðarsýsla
8.	<b>Enni</b>	<b>Haraldur Þ. Jóhannsson/Eindís Kristjánsdóttir</b>	<b>Skagafjarðarsýsla</b>
9.	Flugumýri II	Flugumýri ehf. Anna Sigurðardóttir	Skagafjarðarsýsla
10.	<b>Hafsteinsstaðir</b>	<b>Skapti Steinbjörnsson/Hildur Claessen</b>	<b>Skagafjarðarsýsla</b>
11.	Hólar í Hjaltadal	Hólaskóli	Skagafjarðarsýsla
12.	<b>Hverhólar</b>	<b>Freysteinn Traustason/Birna S. Hafsteinsdóttir</b>	<b>Skagafjarðarsýsla</b>
13.	Íbishóll	Íbishóll ehf. Magnús Bragi/Elisabeth Jansen	Skagafjarðarsýsla
14.	<b>Kálfsstaðir</b>	<b>Ólafur Sigurgeirsson/Sigríður Björnsdóttir</b>	<b>Skagafjarðarsýsla</b>
15.	Nautabú	Karen Steindórsdóttir/Eyjólfur Þórarinnsson	Skagafjarðarsýsla
16.	<b>Tunguháls II</b>	<b>Þórey Helgadóttir</b>	<b>Skagafjarðarsýsla</b>
17.	Víðidalur/Kirkjuhóll	Pétur Stefánsson	Skagafjarðarsýsla
18.	<b>Ytra-Skörðugil</b>	<b>Ingimar Ingimarsson</b>	<b>Skagafjarðarsýsla</b>
19.	Ytra-Vallholt	Vallholt ehf. Björn og Harpa	Skagafjarðarsýsla
20.	<b>Geitaskarð</b>	<b>Íslensk hrossarækt</b>	<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>
21.	Hof í Vatnsdal	Jón Gíslason/Eline Schrijver	Austur-Húnavatnssýsla
22.	<b>Hólabak</b>	<b>Björn Magnússon</b>	<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>
23.	Steinnes	Magnús Jósefsson	Austur-Húnavatnssýsla
24.	<b>Auðunnarstaðir I</b>	<b>Júlíus G. Antonsson</b>	<b>Vestur-Húnavatnssýsla</b>
25.	Stóra-Ásgeirsá	Eliás Guðmundsson/Magnús Á. Eliasson	Vestur-Húnavatnssýsla
26.	<b>Ytri-Þóreyjarnúpur</b>	<b>Þórey ehf/ Gerður Hauksdóttir</b>	<b>Vestur-Húnavatnssýsla</b>
27.	Þóreyjarnúpur	Þóreyjarnúpshestar ehf/Halldór G. Guðnason	Vestur-Húnavatnssýsla
28.	<b>Hjarðarholt</b>	<b>Þorvaldur T. Jónsson/Hrefna B. Jónsdóttir</b>	<b>Mýra-og Borgarfjarðarsýsla</b>
29.	Lundar II	Sigbjörn Björnsson	Mýra-og Borgarfjarðarsýsla
30.	<b>Oddsstaðir I</b>	<b>Sigurður O. Ragnarsson/Guðbjörg Ólafsdóttir</b>	<b>Mýra-og Borgarfjarðarsýsla</b>
31.	Ölvaldsstaðir IV	Guðrún Fjeldsted	Mýra-og Borgarfjarðarsýsla
32.	<b>Hömluholt</b>	<b>Gísli Guðmundsson</b>	<b>Snæfellsnessýsla</b>
33.	Auðsholtshjáleiga/Grænhóll	Gunnar Arnarson	Árnessýsla
34.	<b>Hólar í Árborg</b>	<b>Ímastaðir ehf/Einar Hallsson</b>	<b>Árnessýsla</b>
35.	Hraun I	Hrafnkell Karlsson	Árnessýsla
36.	<b>Hvoll I</b>	<b>Ólafur H. Einarsson</b>	<b>Árnessýsla</b>
37.	Litlaland	Sveinn Steinarsson	Árnessýsla
38.	<b>Árbæjarhjáleiga</b>	<b>Kristinn Guðnason/Marjolijn Tiepen</b>	<b>Rangárvallasýsla</b>
39.	Ásborg	Eydis Þ. Indriðadóttir	Rangárvallasýsla
40.	<b>Fet/Lindarbær</b>	<b>Fet ehf</b>	<b>Rangárvallasýsla</b>
41.	Hemla	Vignir Siggeirsson/Lovísa Ragnarsdóttir	Rangárvallasýsla
42.	<b>Kirkjubær</b>	<b>Kirkjubæjarbúið/Ágúst Sigurðsson</b>	<b>Rangárvallasýsla</b>
43.	Oddhóll	Sigurbjörn Bárðarson	Rangárvallasýsla
44.	<b>Vakursstaðir</b>	<b>Valdimar og Hjörtur Bergstað</b>	<b>Rangárvallasýsla</b>

Í viðauka 1 er kort, sem sýnir nöfn og staðsetningu þáttökubúa.



## Umræður

Eins og sjá má af töflu 1 er tæplega helmingur þáttökubúa á Norðurlandi vestra, 21 talsins. Á Norðurlandi eystra eru sex bú, fimm vestanlands og 12 á Suðurlandi. Í landnýtingarþætti gæðastýringarinnar voru 40 bú á síðasta ári og óskuðu 38 þeirra að vera með í „Hagagæðum“ og stóðust þau öll ástandsúttektir á beitarlandi. Auk þeirra komu sex bú til viðbótar í verkefnið.

Gert var sérstakt einkennismerki (logo) fyrir „Hagagæði“. Á viðurkenningarskjali til þátttakenda í verkefninu eru einkennismerki Landgræðslunnar og Félags hrossabænda, auk einkennismarkis „Hagagæða“, með ártalinu 2017. Á einkennismerkinu verður jafnan ártal þess árs sem viðurkenningin á við.

Verið er að skoða með hvaða hætti þátttakendur geta notað einkennismerki „Hagagæða“ til að styðja við starfsemi sína, t.d. á auglýsingum og á heimasíðum. Stefnt er að því að þátttakendur fái merki (límmiða) „Hagagæða“, sem þeir geta notað til að merkja bíla eða hestakerrur. Einnig er í skoðun að gera fána með einkennismerki verkefnisins.



Aðstæður og landgæði eru mjög mismunandi á þessum búum en þeim er sameiginlegt að ábúendur þeirra vilja nýta beitarlönd með sjálfbærum hætti og ekki rýra gæði jarðanna með ofnýtingu lands. „Hagagæði“ stuðla að vaxandi þekkingu og fagmennsku í meðferð beitarlands, á þáttökubúum og víðar. Það er í takt við betri aðbúnað hrossa á húsi og hestvænni reiðmennsku en áður tíðkaðist. Meginhluti íslenska hrossastofnsins gengur úti árið um kring, hefur viðurværi sitt af beit eða útigjöf og kemur aldrei á keppnis- eða sýningarbraut. Hrossabændur eiga þess kost, ef þeir vilja, að taka afgerandi forystu fyrir íslenskum bændum í landnýtingu og umgengni um land sitt. Til þess þarf fyrst og fremst gott landlæsi og samstöðu innan búgreinarinnar.

Á þessu fyrsta ári „Hagagæða“ eru þátttakendur eingöngu hrossabændur. Eftirsóknarvert er fyrir ýmsa sem halda hross í atvinnuskyni s.s. hestaleigur og ferðaþjónustur að öðlast þá viðurkenningu sem felst í þátttöku í „Hagagæðum“.



Sigríður Þorvaldsdóttir, héraðsfulltrúi, við Hagagæðaúttekt haustið 2017. Með á myndinni er Eyjólfur Þórarinnsson, bóndi á Nautabúi í Skagafirði.

Sama gildir um sveitarfélög, hestamannafélög og aðra, sem eiga eða hafa umsjón með hrossabeitarhólfum. Ekki er sjálfsgefið að beitarland allra standist ástandskröfur Hagagæða en í flestum tilfellum geta viðkomandi gert þær úrbætur, sem þarf til að landnýting standist ástandsviðmið verkefnisins.

Tíðarfar var sérlega hagstætt gróðri á árinu 2017 og beitarlönd víða í framför hvað varðar uppskeru og landrof. Engu að síður finnast enn í öllum sýslum landsins dæmi um ofbeit af völdum hrossa. Víðast eru þetta einstök beitarhólf en einnig líka stór svæði eða jarðir. Forðast ber að halda mörgum tugum hrossa saman í beitarhólfum. Þá má lítið út af bera í beitarstýringu svo ekki verði skemmdir á landi vegna umferðar og of mikils beitarálags.

Héraðsfulltrúar Landgræðslu ríkisins bjóða upp á ráðgjöf um landbætur og beitarstýringu til þeirra landnotenda er þess óska.



# Viðauki II

## Verkefni um landnýtingu og úttektir hrosshaga (apríl 2017)

### Tilgangur

- Að tryggja sjálfbæra nýtingu beitarlands.
- Að tryggja velferð hrossa.
- Að auka ábyrgð landnotenda, sem vörslumanna lands.
- Að auka umhverfisvitund landeigenda og landnotenda.

### Úttektaraðferð

Úttektin gildir eingöngu fyrir land sem nýtt er til hrossabeitar. Beitarland og landnýting skulu metin eftir ástandsskala Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og Landgræðslu ríkisins, sem skýrður er í ritinu *Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands* (Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, maí 1997). Við mat á jarðvegsrofi er einnig notað ritið *Að lesa landið* (Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Landgræðsla ríkisins, 1997). Niðurstaða úttektar miðast við ástand lands, þegar úttekt fer fram.

### Úttektaraðilar

Landgræðsla ríkisins stýrir verkefninu **Hagagæði** og annast úttektir lands. Sérfræðingar Landgræðslunnar í beitarmálum sjá um starfsþjálfun og samræmingu mats þeirra er vinna að úttektunum og setja þeim nánari vinnureglur.

### Flokkun lands í úttektareiningar

1. Ræktað land.
2. Úthagi.
3. Geymsluhólf fyrir brúkunarhross.
4. Stóðhestahólf.
5. Afréttir.

### Úttektir

- Umsókn landeiganda/landnotanda um úttekt á beitarlandi, ásamt korti eða loftmynd af því landi er meta skal. Fram komi stærðir einstakra beitarhólfa.
- Ekkert beitarland sem fer í ástandsflokk 5, skal nýtt til beitar.
- Úthaga, sem fer í flokk 4, skal ekki nýta til beitar nema með miklum takmörkunum og/eða markvissum landbóta- og friðunaraðgerðum.
- Úthagi, sem fer í flokk 3, er nýtanlegur til beitar

með takmörkunum.

- Geymsluhólf skulu staðsett á sléttlendi sem auðvelt er að bera á og bæta landskemmdir. Þau skulu ekki staðsett í halla eða á rofsæknu landi.
- Beitarástand stóðhestahólfa er metið sérstaklega og ástand þeirra vaktað.
- Afréttir sem viðkomandi nýtir til beitar skulu hæfir til hrossabeitar að mati Landgræðslu ríkisins.
- Niðurstaða úttektar gildir fyrir úttektarárið.

### Vinnureglur og skýringar

Úttektaraðferð og úttektaraðilar

- Úttekt fer fram á tímabilinu 15. ágúst til 15. nóvember ár hvert. Jörð skal vera snjólaus þegar úttekt fer fram.
- Stóðhestahólf skulu metin í upphafi notkunartíma og í lok hans.
- Niðurstaða úttektar gildir fyrir yfirstandandi ár.
- Fara skal um allt beitarland sem úttekt tekur til og ástand þess metið. Ástandseinkunn skal gefin hverju beitarhólfi, lakast 5 og best 0. Sérstaklega þarf að gaumgæfa ástand landsins við frumúttekt. Einnig ef vafi leikur á um ástand beitarlands standist sett ástandsviðmið. Í matsniðurstöðum skal gera grein fyrir einstökum beitarhólfum.
- Miðað skal við ástand lands eins og það er þegar matið fer fram.
- Úttektarþegi á rétt á að vera viðstaddur landmatið og fá allar skýringar er það varðar.
- Úttektaraðilar skrá hjá sér upplýsingar er varða úttektina og ástand landsins á sérstök eyðublöð. Skulu úttektarþegi og Landgræðslan fá samhljóða eintök af niðurstöðu úttektar.
- Landgræðslan annast úttektir og leggur til þess starfsfólk. Menntunarkröfur eru: a) BSc próf í náttúruvísindum eða sambærileg menntun. b) Nemar, sem stunda háskólanám í bú- eða náttúruvísindum, geta unnið að úttektum með þeim starfsmönnum, er lokið hafa námi skv. lið a.
- Sérfræðingar Landgræðslunnar í landlæsi og beitarmálum sjá um starfsþjálfun starfshópsins.
- Frumúttekt skal ætíð unnin af tveimur aðilum úr áðurnefndum starfshóp. Sú meginregla skal gilda, komi upp álitamál við vottun, að landið skal njóta vafans.

• Að liðnum þremur fyrstu þátttökuárunum er annað hvort ár án formlegrar úttektar, enda hafi beitarlandið staðist úttektarkröfur undanfarandi þrjú ár.

### **Viðmiðanir**

Ástandseinkunn í beitarhólfi verður aldrei betri en einkunn fyrir rofdíla nema land sé í uppgræðslu. Aðrir þættir í ástandsmati geta lækkað einkunnina.

Land sem er að hluta til í mjög slæmu ástandi eða óbeitarhæft fyrir hross að mati úttektaraðila vegna jarðvegsrofs og/eða brattlendis getur staðist úttekt, sé landið friðað fyrir hrossabeit eða að nýting þess hamlar ekki eðlilegri gróðurframvindu og bata landsins að mati úttektaraðila, enda fari þar jafnframt fram landbætur. Lítt grónir melar eiga ekki að draga úr möguleikum á að land standist úttektarkröfur, enda séu önnur atriði í lagi og ekki virkt jarðvegsrof í gangi á melum eða í jöðrum þeirra.

### **Úttektareiningar**

*Ræktað land.* Tún, sem eru eingöngu nýtt til beitar. Ekki skal meta tún sem einnig eða eingöngu eru notuð til slægna. Beitarland stenst ekki úttektarkröfur ef:

- a) meira en 5 ha. fara í fl. 3.
- b) 1 ha. eða meira fer í fl. 4.

*Úthagi.* Átt er við óræktað land, áborið eða óáborið, girt eða ógirt. Beitarland stenst ekki úttektarkröfur ef:

- a) 20% eða meira af landinu fer í fl. 3.
- b) 5% eða meira af landinu fer í fl. 4.
- c) Brattlendi stenst ekki úttekt, fari það í flokk 3. Sérstök álagssvæði í úthaga s.s. gjafasvæði eða umferðarsvæði þurfa ekki að hafa áhrif á ástandseinkunn beitarhólfs enda sé það mat úttektaraðila að umfang svæðis sé innan eðlilegra marka. Þau skulu þó aldrei vera meira en 5% af heildarstærð úttektareiningar.

*Stóðhestahólf.* Átt er við beitarhólf þar sem stóðhestur gengur með hryssum yfir fengitímann. Þau skulu staðsett á sterku, skjólgóðu landi og standast ekki úttekt, hljóti þau lakari ástandseinkunn en 2, sbr „Stóðhestahólf-gátlisti“.

*Geymsluhólf.* Hér er átt við afmörkuð hólf sem eingöngu eru notuð fyrir brúkunarhross. Þau geta

verið á ræktuðu landi eða úthaga en skulu metin sem sérstök úttektareining. Þau mega ekki hljóta lakari einkunn fyrir rofdíla en 3 þó heildareinkunn sé lakari. Geymsluhólf mega ekki vera staðsett í halla, brattlendi eða rofsæknu landi. (Útskýring: Að jafnaði er mun meira álag á geymsluhólfum en öðru landi. Því er áhersla á að þau séu ekki á rofnu landi því við álag stækka rofdílar og breiðast út. Því er lögð áhersla á að einkunn fyrir rofdíla sé aldrei verri en 3. Heildareinkunn ástands gæti t.d verið 4 ef beitarálag er mjög mikið en þá er mikilvægt að landið sé sæmilega heilt til að þola það, án þess að skemmast varanlega)

*Afréttir.* Landgræðsla ríkisins heldur skrá yfir afréttir, sem teljast beitarhæfar fyrir hross að mati sérfræðinga hennar.

### **Úttektargögn og ferli úttektar**

Þeir, sem óska að gerast þátttakendur í **Hagagæðum**, senda Landgræðslunni skriflega umsókn um úttekt á landi sínu fyrir 1. ágúst ár hvert. Umsókninni skal fylgja landnýtingarkort eða loftmynd af beitarlandi umsækjanda, þar sem stærðir landsins koma fram og/eða eru mælanlegar. Loftmyndir þurfa að vera í mælikvarðanum 1:4.000 – 1:8.000. Landamerki og girðingar þurfa að vera merkt inn á loftmyndir, auk annarra atriða er skipta máli vegna landnýtingar, svo sem stærðir einstakra beitarhólfa. Einnig þurfa sveitarfélög og hestamannafélög að leggja fram lista yfir notendur beitarhólfa, sem leigð eru út til einstaklinga. Í umsókn þarf að koma fram fjöldi og aldursskipting hrossastofnsins. Myndgögn þarf að leggja fram við upphafsúttekt en viðbótargögn, þar með talin myndgögn, þarf að leggja fram verði breytingar á úttektaraðstæðum. Gangi hross úttektarþega óhindruð í land annarra en úttektarþega, hvort sem um er að ræða formlega leigu eða ekki, skal það land einnig metið. Sömu kröfur um myndgögn eru gerðar vegna þess lands. Landgræðslan getur krafist staðfestingar á því að úttektarþegi hafi beitarleyfi í landið.

Landnotandi, sem ekki hefur yfir landi að ráða en er með hross sín í hagagöngu í landi annarra, getur sótt um úttekt á því landi og þátttöku í **Hagagæðum**, enda liggja fyrir sömu gögn og krafist er við aðrar úttektir lands. Að auki þarf að liggja fyrir skriflegt leyfi umráðamanns landsins fyrir úttekt á landinu.





Niðurstaða úttekta skal send úttektaþega innan 30 daga frá úttektaþegi. Jákvæðar niðurstöður úttekta skulu staðfestar með viðurkenningarskjali til úttektaþega. Ekkert yfirmat er á úttekta og niðurstöðum þeirra því ekki hægt að áfrýja.

Ef beitarland stenst ekki settar úttektaþrófur, skal umsækjanda send skrifleg greinargerð um þær úrbætur, sem nauðsynlegar eru til að land viðkomandi standist úttektaþrófur. Landgræðslan býður upp á aðstoð við áætlanargerð til allt að þriggja ára, sem hefur það að markmiði að í lok tímans uppfylli land hans sett viðmið um landnýtingu. Jafnframt getur hann sótt um styrk til Landgræðslunnar vegna umbótanna. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að áætluðum umbótum sé lokið og viðkomandi sé orðinn þátttakandi í **Hagagæðum**.

#### **Annað**

a) Verkefnið Hagagæði er samstarfsverkefni Félags hrossabænda og Landgræðslu ríkisins. Verkefnið er alfarið í umsjón Landgræðslunnar. Félag hrossabænda og Landgræðslan hafa sín á milli samráð um úttektaþreglur og annað er viðkemur verkefninu. Að úttektaþloknum ár hvert, kynna samstarfsaðilar niðurstöður

Hagagæða á heimasíðum sínum og í netmiðlum hestamanna. Þátttakendur í Hagagæðum geta orðið hrossabændur og aðrir, sem halda hross í atvinnuskyni eða til brúknar í tómstundum. Einnig sveitarfélög og hestamannafélög, sem eiga eða hafa umsjón með hrossabeitarhólfum til almenningsnota.

b) Þeir sem áður voru þátttakendur í landnýtingarþætti gæðastýringar í hrossarækt, verða sjálfkrafa þátttakendur í **Hagagæðum**.

c) Gert verður sérstakt einkennismerki (logo) fyrir verkefnið, sem þátttakendum er heimilt að nota við starfsemi sína.

d) Þátttakendur í **Hagagæðum** geta sótt um styrk til Landgræðslu ríkisins, til landbóta og hagræðingar í hrossahögum sínum.

e) Fyrsta starfsár **Hagagæða** er 2017. Að loknu fyrsta starfsári skulu samstarfsaðilar verkefnisins meta reynslu af verkefninu og taka til endurskoðunar úttektaþreglur og aðra þætti verkefnisins.

# Viðauki III

## Minnispunktur fyrir umsjónarmenn stóðhestahólfa

### Fjöldi hryssna hjá stóðhesti

- Æskilegur hámarksfjöldi hryssna sem hleypt er í hólfi hjá stóðhesti þar sem tímabilið er 4-6 vikur eru 25 hryssur.
- Þó um lengra tímabil sé að ræða er ekki æskilegt að fleiri en 30 - 35 hryssur séu hjá séu hjá hestinum í senn.
- Ef hryssu er bætt inn í hóp hjá stóðhesti þarf að fylgjast mjög vel með því hvornig stóðhesturinn tekur hryssunni en það getur verið mjög breytilegt milli stóðhesta.
- Hæfilegt er að nota hvern stóðhest á 50 – 60 hryssur á ári. Notkun þarf þó að taka mið af aldri og ástandi hestsins. Ungfolum og gömlum hestum er ekki hægt að ætla sama fjölda og fullþroskuðum hestum í góðu formi. Yfirleitt ná stóðhestar ekki fullri frjósemi fyrr en við 6 vetra aldur.
- Stóðhestar sem fá mikla notkun og eru notaðir í meira en einu gengi ættu að fá nokkra daga hvíld á milli tímabila til þess að endurnýja krafta sína.

### Vatn

- Vatn þarf að vera í nægilegu magni, hreint og ómengað. Því er best að rennandi vatn sé í hólfinu, ekki treysta á tjarnir, skurði eða dý.

### Merking hrossa

- Öll hross sem koma í hólfið ættu að vera einstaklingsmerkt.
- Þó að folöld séu merkt er það góð regla hjá stóðhestaldara að skrá niður kyn og litareinkenni þeirra.

### Hættur

- Tryggja þarf að ekki finnst hættur í hólfinu s.s. gamlar girðingadræsur, dý eða jarðföll.
- Ef skurðir eru í hólfinu þarf að meta hvort þeir séu hættulausir, annars að girða þá af.

### Ábyrgð

- Algengast er að hryssur séu á ábyrgð eigenda sinna í stóðhestahólfum.
- Umsjónarmaður stóðhestahólfs getur þó verið skaðabótaskyldur ef um tjón er að ræða, verði hann uppvís að vítaverðu gáleysi sem brýtur í bága við reglugerð um aðbúnað hrossa.

### Áreiti frá umhverfi

- Óæskilegt er að utanaðkomandi hross komist að stóðhestagirðingu, en það getur haft mjög truflandi áhrif á stóðhestinn og jafnvel skapað hættu á að hross fari í eða á girðingar.

### Ormalyfsgjafir

- Æskilegt er að öll hross fari ormahreinsuð í stóðhestahólfi. Það dregur verulega úr ormasmiti í haganum.
- Þrátt fyrir að ormalyf sé gefið áður en hrossum er hleypt í hólfið er nauðsynlegt að gefa folöldum og hryssum ormalyf þegar þau koma heim úr stóðhestahólfum.

### Girðingar

- Yfirfara þarf allar girðingar svo tryggt sé að þær þjóni tilgangi sínum og/eða valdi ekki slysum. Í reglugerð nr. 748/2002 er kveðið á um hvaða lágmarks skilyrði girðing þarf að uppfylla til þess að teljast fullnægjandi varsla fyrir hross.

### Innheimta folatolla

- Rétt er að miða innheimtu folatolla við staðfest 17 daga gamalt fyl samkvæmt sónarskoðun. Það er almennt viðurkennt viðmið dýralækna varðandi það að staðfesta fyl með nægjanlegu öryggi.

[www.land.is](http://www.land.is)  
[www.fhb.is](http://www.fhb.is)

### Stóðhestaskýrslur

- Stóðhestaskýrslur og fyljunarvottorð frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) eru góð form til að halda utan um skráningu á hryssunum og niðurstöðum sónarskoðana.
- Skýrslunum er hægt að skila inn til næstu skrifstofu RML til skráningar í WorldFeng.

### Beit

- Grundvallaratriði er að beitin endist allt tímabilið og sé það góð að hún dugi hryssum til viðhalds og mjólkurmyndunar og folöldum til eðlilegs þroska. Verði afturkippur í fóðrun hrossanna getur það haft neikvæð áhrif á frjósemina.
- Ástand beitarhólfsins ætti aldrei að fara niður fyrir ástandsflokk tvo samkvæmt riti Landgræðslunnar og Rala "Hrossahagar".
- Góður kostur getur verið að bjóða upp á hey með beittinni en það eykur fjölbreytni fóðurs og léttir beitaralagið.
- Nauðsynlegt er að hrossin hafi aðgang að salti.
- Nánari leiðbeiningar um landgæði fylgja í viðauka sem birtur er á heimasíðu Fhb.
- Héraðsfulltrúar Landgræðslunnar eru fúsir að veita leiðbeiningar um beitemál en boðið er upp á úttektir á stóðhestahólfum í verkefninu „Hagagæði“.

### Samningar

- Góð regla er að gera skriflega samninga þegar stóðhestar eru teknir á leigu. Samningaform má nálgast á heimasíðu Fhb.

### Eftirlit

- Umráðamenn stóðhesta skulu hafa daglegt eftirlit með stóðhestahólfum, enda er kveðið á um það í aðbúnaðarreglugerð fyrir hross (reglugerð 910/2014 um velferð hrossa). Umráðamenn stóðhesta bera með því ábyrgð á að hross sem verða fyrir áreiti eða slysum í slíkum girðingum séu tekin frá og eigendum þeirra gert viðvart. Eigendur skulu sjá til þess að slösuð hross fái þá meðferð sem nauðsynlegt er.
- Fylgjast skal með heilbrigði hrossanna og að nægt framboð sé af fóðri og drykkjarvatni.
- Fylgjast þarf með atferli hrossanna því hegðun einstakra hryssna í hólfinu getur valdið verulegri truflun fyrir stóðhestinn og hamlað því að fyljun verði eðlileg í hólfinu.
- Ekki er ráðlegt að setja hryssur í stóðhestahólf sem ekki hafa haldið undangengin 1-2 ár án dýralæknisskoðunar.

Gátlisti þessi er gerður í janúar 2007 í samstarfi fulltrúa Félags hrossabænda, Bændasamtaka Íslands, Hólaskóla, Landbúnaðarstofnunar, Landbúnaðarháskóla Íslands og Landgræðslu ríkisins (uppfærður í maí 2017).

# ÁSTANDSFLOKKUN

Flokkur	Ástand	Einkenni	Aðgerðir
0	Ágætt	<ul style="list-style-type: none"> <li>●Rofdílar eru nær engir (0~2% þekja).</li> <li>●Þúfur eru vart merkjanlegar.</li> <li>●Lítill eða engin ummerki beitar. (svarðhæð ~20~50 cm).</li> <li>●Land er loðið.</li> <li>●Puntur er mikill að hausti.</li> <li>●Sina er mikil í sverði.</li> <li>●Uppskera er mikil (gróðurnýting &lt; 10%).</li> </ul>	
1	Gott	<ul style="list-style-type: none"> <li>●Rofdílar eru hverfandi litlir (&lt;5% þekja).</li> <li>●Þúfur eru vart merkjanlegar.</li> <li>●Gróður er rjóðurbittinn og toppóttur. (svarðhæð minnst 15 cm).</li> <li>●Puntur er áberandi að hausti.</li> <li>●Sina er talsverð í sverði.</li> <li>●Uppskera er talsvert mikil (gróðurnýting &lt; 40%).</li> </ul>	Engar sérstakar
2	Sæmilegt	<ul style="list-style-type: none"> <li>●Rofdílar eru hverfandi litlir (&lt; 5% þekja).</li> <li>●Þúfur eru nokkuð áberandi.</li> <li>●Gróður er jafnbittinn. (svarðhæð 10-20 cm).</li> <li>●Puntur er nokkur að hausti.</li> <li>●Sina sést í sverði.</li> <li>●Uppskera er nokkur (gróðurnýting 40-60%).</li> </ul>	Ekki nauðsynlegar. Aðgátar þörf, t.d. í köldum árum.
3	Slæmt	<ul style="list-style-type: none"> <li>●Rofdílar eru merkjanlegir (~5-10% þekja).</li> <li>●Þúfur eru áberandi.</li> <li>●Gróður er snöggur og jafnbittinn. (svarðhæð ~5-15 cm).</li> <li>●Puntur er lítill að hausti.</li> <li>●Land er nær sinulaust</li> <li>●Uppskera er lítil (gróðurnýting 60-80%).</li> </ul>	Dregið úr beit. Áburðargjöf.
4	Mjög slæmt	<ul style="list-style-type: none"> <li>●Rofdílar eru nokkuð áberandi (~ 10% þekja).</li> <li>●Þúfur eru mjög áberandi.</li> <li>●Gróður er mikið bitinn. (svarðhæð &lt; 10 cm).</li> <li>●Puntur er lítill sem enginn að hausti.</li> <li>●Land er sinulaust.</li> <li>●Uppskera er lítil sem engin (gróðurnýting &gt; 80%).</li> </ul>	Friðun. Dregið verulega úr beit Áburðargjöf.
5	Land óhæft til beitar	<ul style="list-style-type: none"> <li>●Rofdílar eru mjög áberandi (&gt; 10% þekja).</li> <li>●Þúfur eru mjög áberandi.</li> <li>●Gróður er allur rótnagaður. (svarðhæð ~ 5 cm).</li> <li>●Puntur sést ekki að hausti.</li> <li>●Land er sinulaust.</li> <li>●Uppskera er lítil sem engin (gróðurnýting &gt; 80%).</li> </ul>	Friðun. Uppgræðsla þar sem við á



# EYÐUBLAÐ

Jörð	Hólf
Gróðurlendi	Stærð

Halli:  flatlendi  hallalítið  töluverður  brattlendi

## Ástandsskali



Rofdílar.	Nær engir.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Mjög áberandi
Þúfur.	Slétt að sjá.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Mjög áberandi
Svarðhæð:	> 20 cm	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	- 5 cm
Punktur:	Mikill	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Enginn
Sina	Mikil	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Engin
Uppskera	Mikil	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	Mjög lítil

Ástandsflokkur (0-5):

Úrbætur:  Létta álag  Hólfa niður  Áburðargjöf  Friðun



Flokkur 0. Ástand: Ágætt



Flokkur 1. Ástand: Gott



Flokkur 2. Ástand: Sæmilegt



Flokkur 3. Ástand: Slæmt



Flokkur 4. Ástand: MJÖG slæmt



Flokkur 5. Land óhæft til beitar



